

Stjórn FG

Tillaga um kynningar og útgáfustarf

Priðji aðalfundur Félags grunnskólakennara samþykkir að stjórn FG endurskoði með hvaða hætti staðið sé að kynningarstarfi félagsins. Með skipan nefndar, endurskipulagningu starfa í samstarfi við önnur aðildarfélög Kennarasambandsins og auknu kynningarstarfi, að skoðaðir verði kostir þess að kaupa utanaðkomandi þjónustu.

Stjórn FG skal skipa kynningarnefndir. Hún starfi í samráði við stjórn, skólamálanefnd, samninganefnd og formenn svæðafélaga auk upplýsinga- og útgáfusviðs KÍ að einstökum verkefnum eða í tiltekinn tíma.

Greinargerð

Eitt af hlutverkum stéttarfélags hlýtur að vera að standa að kynningarstarfi bæði innan félag og utan. Á liðnu kjörtímabili hefur þó nokkuð verið unnið að kynningarstarfi bæði á vegum FG og KÍ. Helst ber að telja heimasíðu KÍ, heimasíður svæðafélaga, útgáfu Skólavörðunnar og handbókar, reglustikum með merki félagsins dreift til sex ára barna, merki félagsins og hálsböndum dreift til félagsmanna. Nýútskrifuðum kennurum sent kort, útgáfa fylgirits (Skólalíf) með Morgunblaðinu og haldin skólamálaþing.

Í nýafstöðnu verkfalli var einnig unnið að kynningarstarfi, m.a. gefið út fréttabréf og birtar auglýsingar í sjónvarpi og dagblöðum.

Í vetur hefur verið greinileg óánægja með kynningarstarf félagsins. Hún hefur birst bæði á fundum með trúnaðarmönnum og almennum félagsmönnum í tengslum við nýafstaðna kjaradeilu. Þótt hefur skorta á frumkvæði bæði félagsmanna og starfsmanna kynningarmála og að sýnileiki þess starfs sem fram fer sé ekki nægur.

Kynna þarf störf félagsmanna, eðli þeirra og breytingar undanfarinna ára og áratuga, launamál og þróun kaups og kjara, réttindamál og önnur skólamál. Einnig þarf að kynna félagsmönnum starfsemi félagsins. Kynningarstarf ætti m.a. að beinast að almenningi, foreldrum, stjórnvöldum og viðsejendum.

Nefndin ræði hvað sé vel gert og hvað illa og komi með tillögur um úrbætur og skoði hvar hægt er að bregðast við og hafi í huga kostnað við hugsanlegar aðgerðir.